

**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**  
07 987

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla stjórnenda .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**

**kt. 410797-2089**

**Kringlunni 1, 103 Reykjavík**

## Skýrsla stjórnenda

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga er ríkisaðili í A-hluta sem greiðir atvinnuleysisbætur til bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra á grundvelli laga um atvinnuleysisstryggingar nr. 54/2006. Vinnumálastofnun annast fjárvörslu sjóðsins og framkvæmd áðurnefndra laga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 30 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 23,2 milljónir og afkoma kr. 18,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 1.102,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.115,6 milljónir.

Það er álit okkar að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í samræmi við lög um opinber fjármál.

Stjórn og forstöðumaður staðfesta hér með ársreikning Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Unnur Sverrisdóttir,  
forstjóri

Stjórn:

Helgi Haukur Hauksson,  
formaður

Grétar Guðmundsson

Oddný Steina Valsdóttir

Örn Pálsson

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	23.200.000	22.700.000
<b>Tekjur samtals</b>		<u>23.200.000</u>	<u>22.700.000</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	3	724.953	0
Framlög og tilfærslur .....		1.780.768	4.671.391
Annar rekstrarkostnaður .....		2.000.000	0
<b>Gjöld samtals</b>		<u>4.505.721</u>	<u>4.671.391</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		18.694.279	18.028.609
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		0	(3.293)
		<u>0</u>	<u>(3.293)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u>18.694.279</u>	<u>18.025.316</u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	7.275.047	22.696.707
Rekstrartilfærslur .....		11.419.232	(4.671.391)
		<u>18.694.279</u>	<u>18.025.316</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		0	4.559.566
Tengdir aðilar .....	4	1.115.049.731	1.110.602.497
Handbært fé .....		596.178	593.681
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>1.115.645.909</u>	<u>1.115.755.744</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.115.645.909</u>	<u>1.115.755.744</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	5		
Hrein eign .....		1.102.808.595	1.102.139.632
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>1.102.808.595</u>	<u>1.102.139.632</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Lánastofnanir .....		10.246.082	8.502.249
Tengdir aðilar .....	4	2.000.000	4.834.073
Ýmsar skammtímaskuldir .....		591.232	279.790
<b>Skuldir samtals</b>		<u>12.837.314</u>	<u>13.616.112</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.115.645.909</u>	<u>1.115.755.744</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	6		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		18.694.279	18.025.316
		<u>18.694.279</u>	<u>18.025.316</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		4.559.566	(4.559.566)
Tengdir aðilar .....		(25.306.623)	(18.416.027)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		2.055.275	5.543.958
		<u>(18.691.782)</u>	<u>(17.431.635)</u>
		<u>2.497</u>	<u>593.681</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>2.497</u>	<u>593.681</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		2.497	593.681
Handbært fé í byrjun árs .....		593.681	0
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>596.178</u>	<u>593.681</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	23.200.000	22.700.000

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	10.000.000	13.200.000	0	23.200.000
Fjáraukalög .....	0	0	0	0
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>10.000.000</b>	<b>13.200.000</b>	<b>0</b>	<b>23.200.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(2.724.953)	(1.780.768)	0	(4.505.721)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>7.275.047</b>	<b>11.419.232</b>	<b>0</b>	<b>18.694.279</b>

	2020	2019
<b>3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	630.628	0
Launatengd gjöld .....	94.325	0
	<u>724.953</u>	<u>0</u>
	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>

### 4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	6.412.946	1.965.712
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	1.108.636.785	1.108.636.785
	<u>1.115.049.731</u>	<u>1.110.602.497</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	2.000.000	4.834.073
	<u>2.000.000</u>	<u>4.834.073</u>

### 5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	1.102.139.632	1.095.346.385
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	(18.025.316)	(11.232.069)
Afkoma ársins .....	18.694.279	18.025.316
Jöfnuður 31.12. ....	<u>1.102.808.595</u>	<u>1.102.139.632</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlit um eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 1.032,3 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.



## Skýringar

### 6 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Fjárlagaliðurinn er ekki með skuldbindandi samninga.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.